

Til: velferðarnefndar Alþingis

Frá: Valgerði Rúnarsdóttur, forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga á meðferðarsviði SÁÁ

Dags. 16.02.2022

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana – og fíkniefni, nr 65/1974

4. gr.


Í 4. gr. er lagt til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp til hafa eftirlit með áhrifum og ávinningi af afglæpavæðingu vörslu neysluskammta vímuefna og til að fylgjast með þeim úrræðum sem standa fíkniefnaneytendum til boða hverju sinni.

Fyrir hönd meðferðarsviðs SÁÁ er komið á framfæri ábendingu um að í upptalningu á fulltrúum í þennan starfshóp vantar fulltrúa frá meðferðarsviði SÁÁ. SÁÁ sinnir mörg þúsund einstaklingum með fíknsjúkdóm og/eða í virkri neyslu fíkniefna á ári hverju með fjölbreyttum úrræðum, hvort heldur sem er inniliggjandi eða í göngudeild. Hjá SÁÁ starfar breiður hópur fagsfólks í þjónustu við fíkniefnaneytendur og þjónusta SÁÁ spannar allt frá forvörnum yfir í skaðaminnkandi úrræði sem sinna bæði einstaklingum, fjölskyldum og öðrum aðstandendum fíkniefnaneytenda. Við teljum því brýnt að fulltrúi frá meðferðarsviði SÁÁ eigi sæti í þessum starfshópi.

Í greinargerð með frumvarpinu er ennfremur reifað mikilvægi þess að nýta það fjármagn sem sparast í kjölfar afglæpavæðingar til þess að koma betur til móts við fíkniefnaneytendur með áherslu á skaðaminnkun og að verja meira fjármagni í áhrifaríkar forvarnir.

Vill meðferðarsvið SÁÁ í þessu samhengi leggja ríka áherslu á mikilvægi óhefts, öruggs aðgengis að gagnreyndri áfengis- og vímuefna meðferð fyrir ungmenni. Heilbrigðisyfirvöld hafa lagt áherslu á að auka aðgengi barna og ungmenna að snemmtækri þjónustu í áfengis- og vímuefna meðferð. Í því hefur m.a. falist að efla og auka þjónustu við þennan hóp með lágmarks bið, sálfélagslegri þjónustu, endurinnlögnum eftir þörf og samvinnu milli úrræða fyrir ungmenni. Frá 2020 hefur meðferðarsvið SÁÁ unnið ötullega að breytingum á ungmennameðferð til þess að stytta biðtíma fyrir 25 ára og yngri (mynd 1)

Meðal biðtími eftir aldurshópum
2019-2021



Jafnframt hefur verið aukin þjónusta í göngudeild vegna ungmenna

Foreldrafærninámskeið: nýtt úrræði fyrir foreldra ungmenna með neysluvanda var þróað og byggt á gagnreyndum meðferðum. Um 10 vikna námskeið er að ræða sem eykur færni foreldra til að styðja við ungmenni á uppbyggilegan hátt. Þetta úrræði er hannað með það fyrir augum að draga úr endurinnlögnum og stuðla að betri fjölskylduvirkni.

Ungmenna göngudeildarþjónusta: ákveðið að efla þjónustu í göngudeild fyrir **ungmenni**. Þróuð hefur verið hugmyndafræði og verklag fyrir þá þjónustu en vegna COVID hefur þessu ekki verið hrundið í framkvæmd að fullu. Markmiðið er að til sé úrræði fyrir ungmenni sem ekki þurfa innlögn og geta nýtt sér göngudeild auk þess bjóða upp á öflugri eftirfylgni. Hér er megináhersla á bakslagsvarnir og félagsfærni. Í ár hefur þessi þjónusta verið aukin og mæta ungmenni x2 í viku með dagskrá í fræðslu, verkefnum og félagslega endurhæfingu og samveru.

Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn er gagnreynd skaðaminnkandi meðferð sem hefur verið veitt í göngudeild frá sjúkrahúsinu Vog frá 1999. Hún fækkar dauðsföllum, minnkar skaða og leiðir til bata vegna alvarlegrar fíknar. Á Íslandi sjáum við vaxandi vanda vegna notkunar á ópíóíðum og um 25% þeirra sem leggjast inn á Vog hafa notað þá. Hluti þeirra er með alvarlega fíkn og sprauta í æð, sem auk þess að hafa í för með sér aukna hættu á ofskömmtun og dauða hefur líka aukna áhættu á að smitast af HIV eða lifrabólgu C. Brýnt er að tryggja öruggt aðgengi að lyfjameðferð við ópíóíðafíkn og að unnt sé að anna eftirspurn eftir þessari meðferð óháð sjálfsaflafé.

Sparist fjármagn vegna afglæpavæðingu vörslu neysluskammta vill meðferðarsvið SÁÁ leggja á það ríka áherslu að slíkt fjármagn verði nýtt til að tryggja öruggt aðgengi að þeirri þjónustu fyrir fíkniefnaneytendur og aðstandendur þeirra sem meðferðarsvið SÁÁ hefur byggt upp en er í dag vanfjármagnað.